

## Aðgerðaáætlun

### vegna viðgerða á innviðum innan þéttbýlis í Grindavík o.fl.

Til: Innviðaráðuneytis

Frá: Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ

Dags.: 05.07.2024

### Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 40/2024 ber Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ (hér eftir Grindavíkurnefnd), sbr. staflíði c) - f) í 3. gr. laganna, að fara með:

- stjórn, skipulagningu og framkvæmd gerðar áhættumats fyrir þéttbýli í Grindavíkurbæ í samvinnu við ríkislögreglustjóra,
- yfirumsjón með framkvæmd nauðsynlegra viðgerða til að tryggja virkni, rekstur og afhendingaröryggi innviða, eftir því sem við á og fellur undir ábyrgðarsvið Grindavíkurbæjar,
- könnun á jarðvegi,
- yfirumsjón með framkvæmd nauðsynlegra viðgerða á götum, stígum og opnum svæðum sem Grindavíkurbær er ábyrgur fyrir, .

Ríkisstjórn og Alþingi hafa, með samþykkt margra laga um stuðningsaðgerðir við Grindavík og Grindvíkinga, mótað þá afstöðu að byggja upp Grindavík á nýjan leik eftir fremsta megni. Má þar m.a. nefna:

- lög nr. 16/2024 um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík,
- lög nr. 87/2023 og nr. 9/2024 um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ,
- lög nr. 94/2023 og nr. 5/2024 um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ,
- lög nr. 114/2023 um almennar íbúðir vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ,
- lög nr. 15/2024 um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ,
- lög nr. 74/2024 um Afurðasjóð Grindavíkurbæjar,
- lög nr. 40/2024 um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa við Grindavíkurbæ.

Sama afstaða birtist einnig í ávarpi forsætisráðherra til þjóðarinnar þann 18. janúar 2024 í kjölfar eldgoss við Grindavík en þar undirstrikaði ráðherra m.a.: „*Sem þjóð og sem samfélag, munum við nú sem áður styðja við Grindvíkinga og gera það sem þarf til að koma þessu einstaka samfélagi í gegnum þennan brimskaf.*“

Í samræmi við 3. mgr. 2. gr. laga nr. 40/2024 hefur Grindavíkurnefndin þessa stefnu að leiðarljósi ásamt markmiðum þeirra laga eins og þau eru skilgreind í 1. gr. Eitt af markmiðum nefndarinnar er að „*stuðla að öfluglu atvinnulífi í Grindavíkurbæ.*“ Í viðræðum nefndarinnar við hagaðila, s.s. bæjaryfirvöld, fulltrúa atvinnufyrirtækja o.fl. hefur komið skýrt fram að forsenda þess að unnt sé að styðja við atvinnulífið í Grindavík og auðvelda starfsemi þess, sé að aðgengi að bænum verði rýmkað frá því sem nú er og jafnvel að lokunarpóstar verði lagðir niður. Enn fremur hafa þau sjónarmið komið fram af hálfu Almannafræðinga,

annarra viðbragðsaðila og eftirlitsstofnana að áður en til þess kemur að lokunarpóstar verði aflagðir, sé óhjákvæmilegt að ráðast í margháttaðar aðgerðir til að auka öryggi í bænum.

Í 7. gr. laganna er mælt fyrir um gerð aðgerðaáætlana til styttri og lengri tíma vegna þeirra verkefna er undir nefndina heyra. Í þessari aðgerðaáætlun er fjallað um viðgerðir á innviðum s.s. gatnakerfi, lögnum, stígum, hafnarbakka og opnum svæðum innan þéttbýlis Grindavíkur, framhald jarðkönnunar, áhættumat og girðingar, sbr. b-lið 2. mgr. 7. gr.

Grindavíkurnefndin hefur, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 40/2024, haft samráð við bæjarstjóra Grindavíkur og kynnt aðgerðaráætlun þessa á fundi bæjarstjórnar Grindavíkur þann 2. júlí 2024 sem gerir ekki athugasemdir við áætlunina. Jafnframt hefur nefndin kynnt drög að aðgerðaráætluninni fyrir ríkislögreglustjóra, Almannaöryrnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni, Lögreglustjóranum á Suðurnesjum og Fasteignafélaginu Þórkötlum ehf.

### Framhald jarðkönnunar

Eins og kunnugt er ákváðu Almannavarnir að ráðast í vinnu við jarðkönnun í Grindavíkurbæ og var verkfræðistofan Verkís fengin til að annast um þá vinnu. Verkefninu var skipt í fjóra fasa og var tveimur fyrstu fösunum lokið og vinna við þriðja fasa hafin þegar Grindavíkurnefndin tók til starfa 1. júní sl. Í fjórða fasa eru svæði utan þéttbýlis og hefur það verið metið svo að sú jarðkönnun megi bíða um sinn. Þó var ákveðið að frumkvæði Grindavíkurbæjar að kanna jarðveginn á golfvelli og í kirkjugarði. Af hálfu Almannaöryrnanna var könnun á jarðvegi skv. fösnum 1 og 2 nauðsynleg frá almannaöryrnarsjónarmiði og hið sama á við um fasa 3 að verulegu leyti. Þeim fasa í jarðkönnunarverkefninu er hins vegar ólokið en Grindavíkurnefndin hefur nú tekið við því verkefni, sbr. e-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 40/2024. Áætlað er að kostnaður við að ljúka fasa 3 sé um **30 m.kr.** og munu Almannavarnir standa straum af þeim kostnaði. Grindavíkurbær hefur lagt áherslu á að síðan verði lokið við fasa 4 í jarðkönnunarverkefninu til að fá heildarmynd af öllu svæðinu, en þar er um að ræða opin svæði utan þéttbýlis. Mikilvægt er að kortleggja þau til að geta opnað bæinn á einhverjum tímamarki fyrir almenna umferð, m.a. ferðamanna. Kostnaður við þann fasa er áætlaður um **10 m.kr.**

Forsenda þess að hægt sé að rýmka aðgengi að bænum er að ráðist verði í viðgerðir á innviðum og búnaði komið upp til að auka öryggi. Jarðkönnunin er mikilvægur liður í þeirri áætlun og því brýnt að ljúka henni. Nefndin hefur átt samráð við ríkislögreglustjóra og Almannavarnir og eru aðilar sammála um nauðsyn þessa verkefnis.

### Tillaga

**Grindavíkurnefndin leggur til að jarðkönnunarverkefninu verði lokið og nauðsynlegu fjármagni, að fjárhæð 10 m.kr., veitt í því skyni.**

### Áhættumat

Almannavarnir hafa til þessa haft með höndum áhættumat en skv. c-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 40/2024 fer Grindavíkurnefndin nú með það verkefni í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Gerð áhættumats byggir á hættumati Veðurstofu Íslands eins og það er á hverjum tíma. Verkfræðistofan Öruggr hefur annast gerð áhættumats í umboði Almannaöryrnanna og fylgir í þeirri vinnu stöðlum og viðurkenndum ferlum.

Í 1. mgr. 7. gr. laganna er kveðið á um að aðgerðaáætlanir skuli „taka mið af stöðu og þróun jarðhræringa á hverjum tíma.“ Sú aðgerðaáætlun sem hér er lögð fram miðast við núverandi stöðu, þ.e. að eldgos sé ekki

í gangi, en verði breytingar þar á mun að sjálfsögðu þurfa að uppfæra áhættumat og þar með einnig framvindu framkvæmda.

## Tillaga

**Grindavíkurnefndin og Almannavarnir eru sammála um að viðhafa óbreytt fyrirkomulag varðandi gerð áhættumats, til lengri og skemmri tíma, enda til staðar góð og verðmæt reynsla varðandi þá vinnu. Almannavarnir munu bera kostnað vegna áhættumats til loka ársins 2024.**

## Framkvæmdir við innviði

Grindavíkurnefndin hefur að undanförmu fjallað um möguleika á viðgerðum á innviðum innan Grindavíkur. Hefur nefndin m.a. átt fundi með Grindavíkurbæ, verkfræðistofum sem annast hafa framkvæmdir innan bæjarmarkanna, Almannavörnum og Vegagerðinni.

Eins og að ofan greinir kemur fram í 1. gr. laga nr. 40/2024, að markmið laganna sé m.a. að „stuðla að öflugu atvinnulífi í Grindavíkurbæ“ og að „Grindavíkurbær verði öruggt samfélag með trausta innviði og þjónustu sem miði að þörfum samfélagsins.“ Í því augnamiði að vinna að framgangi þessara markmiða telur Grindavíkurnefndin að nú séu aðstæður til að ráðast í frekari viðgerðir á innviðum innan þéttbýlis Grindavíkur og þannig leggja grunn að því að treysta grundvöll atvinnustarfsemi í bænum. Forsendur þess að hægt verði að aflétta lokunum með öruggum hætti eru í meginatriðum eftirfarandi:

- Viðgerðir á gatnakerfi, lögnum og öðrum samgönguleiðum þar sem eru sýnilegar sprungur
- Álagsprófanir eftir viðgerðir og á hugsanlegum holrýmum með hliðsjón af niðurstöðum úr jarðkönnunarverkefninu
- Mannheldar girðingar við sprungu sveima og önnur óörugg svæði
- Mót vægisáðgerðir vegna flóðahættu við byggingar vestan við höfnina

Til að opna bæinn fyrir almenningi með eins litlum takmörkunum og auðið er miðað við aðstæður þurfa meginleiðir um bæinn og flóttaleiðir að vera greiðfærar, ásamt því að sprungur á opnum svæðum séu girtar af með nægjanlega öruggum og háum girðingum. Mikið af þeim svæðum er í dag girt af með veigalittum girðingum og plastnetum sem þurfa að vera veglegri. Markmiðið er að fyrirtæki í iðnaði, framleiðslu og þjónustu ásamt ferðaþjónustufyrirtækjum, hafi a.m.k. tækifæri til reksturs og miðast neðangreind forgangsáætlun við það, sjá nánar meðfylgjandi yfirlitskort. Jafnframt er mikilvægt að leiðir um bæinn séu öruggar með tilliti til niðurrifs húsa og viðhalds eigna s.s. íbúðarhúsnæðis sem í auknum mæli er í eigu Fasteignafélagsins Þórkötlum ehf.

Aðferðafræði gatnaviðgerða í Grindavík hefur þróast frá því í nóvember, þegar eldsumbrotin hófust svo nærri bænum, og er því komin töluverð reynsla af henni. Lagt er upp með seigar jarðtæknilegar lausnir sem hafa þann hreyfanleika sem þarf meðan svæðið er á hreyfingu, vegna landriss og sigs til skiptis. Meiriháttar aflögun hefur ekki átt sér stað síðan 14. janúar sl. í kvikuhlaupi og eldgosi sem var nærri Grindavík. Verktakar við varnargarðaverkefnið, sem rekið er af Vegagerðinni, hafa undanfarnar vikur og mánuði unnið að viðgerðum innanbæjar á því gatnakerfi sem tilheyrir Vegagerðinni og eru að leggja lokahönd á þær framkvæmdir þessa dagana. Innan þess hóps hefur mótast verklag og skilningur á viðfangsefninu, sem er bráðnaudsýnlegur til að halda verkefninu áfram með öruggum hætti og góðum árangri. Vilji stendur til að nýta þessa sérfræðipækkingu sem verktakar og ráðgjafar á staðnum hafa aflað sér og nýta þá áfram í þau aðkallandi verkefni sem rædd eru í þessari aðgerðaráætlun.

Til að framkvæmdir vegna sprunguviðgerðar geti verið farsælar og verk unnin skynsamlega innan ramma Grindavíkurnefndar, er lagt til að setja á laggirnar **framkvæmdateymi** sem heldur utan um verklagar

framkvæmdir í heild sinni og sem starfar náið með vettvangsstjórn. Verkefnastjóri yrði settur í þennan vinnuhóp sem heldur utan um verkefnið, samræmir aðila, heldur fundagerðir og heldur utan um kostnaðar- og uppgjörsmál. Til greina kemur að nýta þá fagþekkingu og reynslu sem er til staðar innan varnargarðateymisins og Vegagerðarinnar til að reka verkefnið með hagkvæmum hætti og jafnvel að Vegagerðin verði verkkaupi í þessum framkvæmdum í umboði nefndarinnar og Grindavíkurbæjar. Ljóst er að með gatnaviðgerðum fylgja lagfæringar á lögnum. Rétt er að halda til haga að eigendur þeirra veitustofnana/fjarskiptafyrirtækja bera þá kostnað af þeim úrbótum sem þarf að ráðast í og falla í sumum tilfellum undir ábyrgðir Náttúruhamfaratryggingar Íslands eða annarra tryggingafélaga eftir atvikum.

Framkvæmdateyminu verði ætlað að tryggja að öryggi verkefnis sé eins og tilefni er til ásamt áhættumati verktaka. Grindavíkurnefndin tilnefnir einn nefndarmann sem tengilið við framkvæmdateymið, sem vinnur svo áfram áætlanir um lausnir á öðrum svæðum þar sem viðgerða er þörf.

Þær aðgerðir sem nefndin telur að ráðast þurfi í snúa að jarðkönnun, viðgerðum, kaupum á girðingum og álagsprófunum. Aðgerðunum er ráðað í eftirfarandi forgangsroð:

### **Forgangur 1a:**

Þar undir eru mikilvægar samgöngu- og flóttaleiðir sem eru lokaðar eða mikið takmarkaðar. Um er að ræða viðgerðir á samgönguleiðum sem hafa nú mjög hamlandi áhrif á umferð og skapa rugling vegfarenda og þar með mjög aukna áhættu verði aðgangur í ríkari mæli heimilaður um Grindavík. Jafnframt er um að ræða viðgerðir á mikilvægum innviðum þannig að þau fyrirtæki sem eru innan þess svæðis geti hafið starfsemi ef þau svo kjósa.

Samhliða því þarf að efla öryggi á öllum skilgreindum sprungusvæðum með öflugum girðingum þannig að opna megi bæinn aftur fyrir almenningi í samráði við lögreglustjóra.

Tímarammi viðgerða er 6-8 vikur.

Viðgerðir: 78 m.kr

Girðingar: 30 m.kr

Samtals: 108 m.kr

### **Forgangur 1b:**

Þar eru viðgerðir á samgönguleiðum sem taldar eru mikilvægar en eru opnar í dag. Þar þarf að ljúka álagsprófunum. Að loknum þeim prófunum geta einhverjir staðir, þar sem gripið var til bráðbirgðaaðgerða, færst um flokk, annað hvort í *Forgang 1a* eða niður í flokk *Forgang 2*, standist leiðirnar álagspróf og fullnaðarviðgerð yrði þá gerð síðar.

Álagsprófun þessa flokks þarf því að hefjast fljótlega innan heildaráætlunar verkefnis og gæti verið unnin samhliða áfanga *Forgang 1a*.

Tímarammi er óviss, prófanir yrðu samhliða *Forgangi 1a*, en nauðsynlegar úrbætur munu taka 6-8 vikur, fyrir 1 vinnuflokk. Við álagsprófun gætu verkefni í *Forgangi 1b* færst í *Forgang 1a* eða *Forgang 2* eftir atvikum.

Kostnaður 40 m.kr

### **Forgangur 1c:**

Landsig hefur orðið við höfnina og eru hæðarbreytingar um 0,5-1,0 m. Til að flóðahætta verði ekki meiri en fyrir jarðhræringar þarf að hækka sjóvarnir um tvöfalda þá hæðarbreytingu. Aðgerðin er nauðsynleg til að verja fiskvinnslur, fiskmarkaðinn og önnur hús við Miðgarð. Íbúðarhús, sem nú eru að nokkrum hluta í eigu Fasteignafélagsins Þórkötlum ehf., sbr. lög nr. 16/2024 um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík, og hverfi gætu verið í hættu ef flóð verður mikið, s.s. við Verbraut og Lautina. Vegagerðin hefur metið nauðsynlegar framkvæmdir og greint kostnað við þær. Meðfylgjandi eru kort af umræddum svæðum.

Flóðvörnin vestan við nýja vestari brimgarðinn er um 385 m að lengd og um 1-2 m að hæð. Miðað er við að hækka þurfi grjótvörnina á þeim kafla um 1-2 m.

Innan hafnar þarf að hækka landið um 1-2 m og ganga frá grjótláum milli Kvíabryggju og Norðurgarðs annars vegar og Norðurgarðs og Miðgarðs hins vegar.

Tímarammi er einn mánuður.

Kostnaður 40 m.kr.

### **Forgangur 2:**

Þar eru viðgerðir á tengigötum sem tengja t.d. húsagötur saman við stofnbrautir. Svæðin sem um ræðir geta verið ýmist lokað eða opin en ekki metin svo mikilvæg að þau flokkist í *Forgang 1*. Engu að síður er óhjákvæmilegt af öryggisástæðum að gera við þessa staði

Tímarammi er u.þ.b. tveir mánuðir.

Kostnaður 85 m.kr

### **Forgangur 3:**

Hér er um að ræða viðgerðir á húsagötum eða botnlöngum sem aðgengi er um eða hægt að komast að um hjáleiðir. Sama gildir hér og um *Forgang 2* að það þarf að ljúka viðgerðum á einhverjum tímamarki áður en íbúar koma til baka í bæinn að einhverju marki og þá gjarnan samhliða yfirborðsfrágangi á aðliggjandi opnum svæðum.

Tímarammi er 2-3 mánuðir.

Kostnaður 90 m.kr

### **Forgangur 4:**

Í þessum síðasta forgangsflokki eru viðgerðir sem ekki er talið að þurfi að fara í á næstunni og mögulega ekki skoða fyrir en næsta vor. Um er að ræða viðgerðir innan svæðis þar sem nýbyggingarhverfi eru og þegar hafa verið unnar viðgerðir sem þarf að fylgjast með. Svæðin sem þarna eru undir geta þó skipt um flokk ef framkvæmdateymið metur það svo.

Kostnaður 50 m.kr

## Heildarkostnaður og kostnaðarskipting ríkis og Grindavíkurbæjar

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 40/2024 skal Grindavíkurnefndin fjalla um áætlaðan kostnað í aðgerðaáætlunum. Heildarkostnaður við innviðaframkvæmdir skv. aðgerðaáætlun þessari nemur alls um 470 m.kr., þar innifalið er 47 m.kr. vegna óvissu þar eð óljóst getur verið m.a. um ástand einstakra staða. Kostnaður einstakra aðgerða er rakinn hér að ofan. Rétt er að geta þess að kostnaður vegna eftirlits og vöktunar inni í bænum gæti aukist frá því sem nú er t.d. hjá Veðurstofunni og Lögreglunni á Suðurnesjum verði aðgengi að bænum aukið frá því sem nú er. Á móti kemur að kostnaður vegna lokunarpósta, sem nemur nú um 40 m.kr. á mánuði gæti lækkað.

Forgangsröðun	Aðgerðir	M.kr.
Forgangur 1a	Viðgerðir	78
	Girðingar	30
Forgangur 1b	Álagspróf	40
Forgangur 1c	Höfnin	40
Forgangur 2	Viðgerðir	85
Forgangur 3	Viðgerðir	90
Forgangur 4	Viðgerðir	50
Jarðkönnun	Jarðkönnun	10
Óvissupættir	Viðgerðir	47
<b>Samtals</b>		<b>470</b>

## Skipting kostnaðar milli ríkisins og Grindavíkurbæjar

Grindavíkurnefndin skal leggja fyrir ráðherra tillögu að kostnaðarskiptingu á milli Grindavíkurbæjar og ríkisins vegna verkefna nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 40/2024. Í 3. mgr. 8. gr. er mælt fyrir um að tillaga framkvæmdanefndarinnar um kostnaðarskiptingu skuli m.a. taka mið af afstöðu sveitarstjórnar Grindavíkurbæjar, fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og hvar ábyrgð á viðkomandi verkefni lá áður en verkefni hafi verið falið nefndinni. Í athugasemdum við 2. mgr. 8. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 40/2024 kemur fram að verkefni nefndarinnar muni í einhverjum tilvikum varða lögbundin verkefni sveitarfélagsins og það leiði því af hlutverki og stöðu sveitarfélagsins að eðlilegt sé að það taki þátt í fjármögnun verkefna nefndarinnar. Fjárhagsstaða Grindavíkurbæjar hafi hins vegar tekið miklum breytingum vegna náttúruhamfara og hafi það eðli málsins samkvæmt haft áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins. Það liggja því ljóst fyrir að þörf sé á aðkomu ríkissjóðs til að sinna þeim risastóru verkefnum sem sveitarfélagið standi frammi fyrir.

Frekari leiðbeiningar um tillögu nefndarinnar um kostnaðarskiptingu er að finna í athugasemdum við 3. mgr. 8. gr. Þar kemur fram að nefndin skuli eiga ríkt samráð við sveitarstjórn Grindavíkurbæjar við gerð tillögu að kostnaðarskiptingu og að sjónarmið sveitarfélagsins skuli skipta veigamestu máli við gerð slíkrar tillögu. Nefndinni beri einnig að líta til þess hvort verkefnið sé lögbundið verkefni sveitarfélagsins, en eðlilegt sé að sveitarfélagið taki ríkari þátt í fjármögnun slíkra verkefna. Þá ber nefndinni að horfa til fjárhagsstöðu Grindavíkurbæjar við slíkt mat. Að lokum er tekið fram í athugasemdunum að ljóst sé að horfur í rekstri bæjarins séu mjög neikvæðar vegna náttúruhamfara og ekki sé því gert ráð fyrir að fjárhagsleg aðkoma Grindavíkurbæjar verði meiri en sveitarfélagið ráði við og þurfi nefndin að horfa til þess í tillögugerð sinni.

Framangreind sjónarmið hafa verið höfð að leiðarljósi við eftirfarandi kostnaðarskiptingu:

Í aðgerðaáætluninni er gert ráð fyrir að framlög úr ríkissjóði nemi 440 m.kr. og framlög úr bæjarsjóði Grindavíkur nemi 30 m.kr. Vera má að slík kostnaðarskipting verði breytileg milli aðgerðaáætlana og framlög bæjarsjóðs Grindavíkur verði hærrí, en miðað við drög að rekstraráætlun til næstu 12 mánaða, sem Grindavíkurbær kynnti Grindavíkurnefndinni, er óráðlegt að áætla herra móttframlag Grindavíkurbæjar fyrr en nákvæmari áætlunir um rekstur, eignir og skuldir og sjóðstreymi liggja fyrir. Enn á eftir að vinna áætlun um eignir og skuldir og því liggja ekki fyrir upplýsingar um eigið fé og fjárfestingagetu Grindavíkurbæjar á þessum tímapunkti.

Stefna bæjaryfirvalda í Grindavík er að geta haldið sveitarfélaginu í horfinu og lágmarka það tjón sem hlýst af náttúruhamförunum. Grindavíkurbær sem sveitarfélag hefur lögboðnar skyldur gagnvart íbúum þrátt fyrir þá staðreynd að búseta í bænum sé mjög takmörkuð um þessar mundir. Áætlunir eru við það miðaðar að sveitarfélagið hafi fjárhagslega burði til að verða sjálfbært og fært um áframhaldandi rekstur út árið 2024 og vel fram eftir árinu 2025. Lítið má þó út af bera til að svo geti orðið og því ekki mikið svigrúm til að takast á við útgjöld sem tilheyra verksviði Grindavíkurnefndarinnar. Til að mynda er áætlaður gríðarlegur tekjusamdráttur bæjarsjóðs vegna lækkandi útsvarsgreiðslna og fasteignagjalda, en jafnframt vegna mikilla skerðinga á framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Samhliða aðgerðum sem bæjarstjórn hefur þegar gripið til verður jafnframt gríðarleg lækkun útgjalda bæjarins og munar þar mestu um laun starfsfólks. Bærinn mun þó þurfa að greiða áfram töluverðan launakostnað meðan á uppsagnarfresti og biðlaunarétti stendur. Hefur hluti starfsfólks bæjarins t.a.m. allt að 12 mánaða biðlaunarétt. Þar að auki verða áfram föst útgjöld sem ekki hverfa samhliða miklum samdrætti í starfsemi bæjarins

Á 572. fundi bæjarstjórnar Grindavíkur þann 25. júní sl. samþykkti bæjarstjórn að setja áður nefndar 30 m.kr. í nauðsynlegar viðgerðir á götum til að tryggja að bæjarfélagið haldi þeim sérhæfðu verktökum sem unnið hafa við sprunguviðgerðir á Nesvegi og/eða Austurvegi.

## Tillaga

**Grindavíkurnefnd leggur til að ráðist verði í ofangreindar framkvæmdir og nauðsynlegu fjármagni, 440 m.kr. veitt til verksins sbr. kostnaðaráætlunir hér að ofan, til viðbótar við 30 m.kr. samþykkt framlag Grindavíkurbæjar. Er þá átt við framkvæmdir við verkefni í *Forgangi 1a, 1b, 1c, 2 og 3* á yfirstandandi ári en verkefni í *Forgangi 4* á árinu 2025.**

## Samantekt

Markmið laga um framkvæmdarnefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, samþykkt á Alþingi 14. maí 2024, eru m.a. að stuðla að öflugu atvinnulífi í Grindavíkurbæ og að Grindavíkurbær verði öruggt samfélag með trausta innviði.

Í lögnum er mælt fyrir um gerð aðgerðaáætlana til styttri og lengri tíma vegna þeirra verkefna er undir nefndina heyra s.s. viðgerðir á innviðum, gerð áhættumats og framkvæmd jarðkönnunar. Ofangreind aðgerðaráætlun fjallar um þessi verkefni og tekur mið af markmiðum framangreindra laga.

Heildarkostnaður aðgerðaáætlunar þessarar er áætlaður um 470 m.kr. og að framkvæmdatími forgangsröðunar 1-4 gæti orðið 6-9 mánuðir. Gert er ráð fyrir að skipting heildarkostnaðar milli ríkisins og sveitarfélagsins sé þannig að ríkið greiði um 440 m.kr. og Grindavíkurbær 30 m.kr.

Forsenda þess að hægt sé að rýmka aðgengi að bænum er að ráðist sé í viðgerðir á innviðum og að ýmis svæði séu afgirt til að auka öryggi. Viðgerðir, álagsprófanir og afgirðing svæða taka mið af niðurstöðum jarðkönnunar. Áhættumat er byggt á hættumati Veðurstofu Íslands og tekur m.a. mið af hversu öruggt er

Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ

að ferðast um bæinn. Áhættumatið verður unnið í samráði við ríkislögreglustjóra með því fyrirkomulagi sem verið hefur.

Lagt er til að sett verði á laggirnar framkvæmdateymi vegna sprunguverkefna sem heldur utan um verklegar framkvæmdir í heild sinni. Jafnframt að nýtt verði þekking og reynsla varnagarðateymis og Vegagerðarinnar til að reka verkefnið með hagkvæmum hætti. Þá er einnig gert ráð fyrir að Vegagerðin verði verkkaupi í umboði Grindavíkurnefndar og Grindavíkurbæjar.

Aðgerðaáætlun þessi er unnin í samræmi við lög nr. 40/2024 um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa við Grindavíkurbæ og er sérstaklega horft til 7. og 8. gr. laganna um aðgerðaáætlanir og kostnað. Í samræmi við ákvæði laganna er aðgerðaáætlunin send innviðaráðuneytinu til samþykktar.

Reykjavík, 5. júlí 2024

*Árni Þór Sigurðsson*

*Guðný Sverrisdóttir*

*Gunnar Einarsson*